

Fundargerð

60. stjórnarfundur FHA haldinn 26. ágúst 2014 kl. 13:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Óskarsson (GKÓ), Ólína Freysteins (ÓF), Pia Viinikka (PV), Hreiðar Þór Valtýsson (HV) og Þorlákur Axel Jónsson (ÞAJ). Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundartími
Ákveðið að fundartími stjórnar verði á 2. mánudagur í mánuði kl. 12:00.
2. Kosningar
Niðurstaða kosninga var með þessum hætti:
Ólína varaformaður.
Guðmundur Kristján gjaldkeri.
Þorlákur ritari.
Ragnheiður Lilja meðstjórnandi.
Pia varamaður 1.
Hreiðar varamaður 2.
3. Ársmatssjóður
Greidd verður sama upphæð og í fyrra, kr. 24 .000,-. Greitt verður þann 1. sept. nk. Skrefin verða leiðrétt fyrir 2012, 2013 og fram til 1. sept. 2014 en síðan verður greitt í samræmi við samkomulag sbr. bókun Samstarfsnefndar FHA og HA 10. júlí sl. sem afgreidd var á fundi samstarfsnefndar 22. ág. sl.
4. Námssjóður
Umsóknir vegna skólagjalda: Samþykktar með fyrirvara um að þær uppfylli skilyrði.
Umsóknir vegna ráðstefnuferða: Samþykktar með fyrirvara um að þær uppfylli skilyrði sbr. samþykkt síðasta aðalfundar um að stjórn endurskoði reglur sjóðsins.
Umræður urðu um úthlutunarreglur sjóðsins. Stjórn einsetur sér að afgreiða nýjar reglur fyrir áramót.
5. Næsti fundur
Verður mán. 8. sept. nk. sbr. #1.
6. Önnur mál
Stjórnarmenn hugleiði hvaða opna fundi fyrir félagsmenn eigi að halda í vetur og geri tillögur. Þær verða ræddar á næsta stjórnarfundu.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:55

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.